# DEILISKIPULAG ÁSVALLA - BREYTING Á DEILISKIPULAGI ÁSVÖLLUM 1, HAFNARFIRÐI



Núgildandi deiliskipulag var samþykkt þann 19.01.2010 og öðlaðist gildi þann 27.01.2010

## DEILISKIPULAG Í GILDI

Í gildi er deiliskipulag sem samþykkt var í Skipulags- og Byggingarráði Hafnarfjarðar 19.01.2010 og birt í B-deild 27.01.2010. Þar var m. a. gert ráð fyrir stækkun íþróttamiðstöðvar, íþróttasal bætt við núverandi sal, gerð tengibygging að yfirbyggðri stúku og fjölnota knatthús sem fyrirhugað var að byggja yfir gervigrasvöll var flutt sunnan við völlinn og snúið þvert á hann.

### Breytt deiliskipulag - Stærðartafla:

| ÁSVELLIR 1 M² | LÓÐ M² |
|---|---|
| ÍÞRÓTTASVÆÐI | 142951 |

| ÁSVELLIR 3 M² | LÓÐ M² | HÚSHÆÐIR | BYGG.M. | N.HL. | ÍBÚÐAFJÖLDI | ÍBÚÐIR M² | STARFSEMI M² | KJALLARAR M² | N.HL |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ÍBÚÐARLÓÐ | 9995 | 2-5 | 10000 | 1,0 | 110 | 10000 | - | 7700 | 1,8 |



Ný deiliskipulagstillaga mkv 1 : 2000.

## GREINARGERÐ MEÐ BREYTTUM SKIPULAGSUPPDRÆTTI.

Hér er lagt fram breytt skipulag Ásvalla, íþrótta- og útivistarsvæðis Hauka, Ásvöllum 1, Hafnarfirði.
Tvær meginbreytingar deiliskipulags eru þær að hluta lóðar vestan megin er breytt í lóð undir íbúðir annars vegar og hins vegar er fjölnota knatthús fært nyrst á lóð.
Breytingarnar felast í eftirfarandi.:

1. Skilgreind er ný lóð vestan megin íþróttamiðstöðvar innan íþrótta- og útivistarsvæðis undir íbúðir til að stuðla að fjölbreyttari landnotkun á svæðinu. Stærð íbúðalóðar er um 1 Ha. Í stað byggingarreits fyrir skrifstofu- og þjónustuhús vestan íþróttamiðstöðvar er nú gert ráð fyrir um 100 - 110 íbúðum, eða um 10.000 m² byggingarmagni, og er byggingarreitur stækkaður. Gert er ráð fyrir 2-5 hæða byggingum. Mænishæð er hæst 16,5 metrar yfir gólfkóta. Áhersla er lögð á vandaða hönnun íbúðahúsa og fjölbreytt efnis- og litaval. Einnig er lögð áhersla á uppbrot í útveggjum og forðast skal einsleita fleti útveggja. Þök eru almennt einhalla en þakgarðar eru heimilir þar sem aðstæður leyfa. Norðan og sunnan byggingarreits er gert ráð fyrir um 60 nýjum bifreiðastæðum á landi og um 90 stæða bílakjallara undir byggingum á einni hæð. Rampur niður í bílakjallara sem sýndur er á uppdrætti þessum er leiðbeinandi. Einnig er gert ráð fyrir nýjum bifreiðastæðum í miðju byggingarreits þar sem rampur í bílakjallara er sýndur. Nýtingarhlufall ofanjarðar er 1,0.

2. Fjölnota knatthús sem fyrirhugað var að byggja sunnan við gervigrasvölli er flutt nyrst á lóð til að stuðla að betri nýtingu lóðar og svo byggingin raski sem minnst núverandi íbúðabyggð í nágrenninu. Milda skal ásýnd byggingarinnar að umhverfi sínu með efnis- og litavali. Mænishæð yfir miðju vallar er 25 metrar en 12 metrar yfir hliðum. Byggingareitur er að grunnfleti 14.150 m². Stærð íþróttahúss er að innanmáli 82,5m x 120m eða 9.900 m²(nettó). Lágmarkslofthæð er 20m undir bita í miðju vallar (alla lengd salar) og 11m yfir hliðarlínu vallar. Í knatthúsi skal gera ráð fyrir gervigrasvelli 68m x 105m en leggja skal gervigras a.m.k. 1,5 m út fyrir hliðar- og endalínur. Miðað er við tvær hlaupabrautir og upphitunarsvæði lagt tartan hringinn í kringum knattspyrnuvöllinn. Gert er ráð fyrir ca. 900 m² lágreistri þjónustubyggingu samtengdri knatthúsinu innan sama byggingarreits. Þjónustubyggingin skal staðsett þannig að hún nýtist bæði gervigrasvelli til suðurs og knatthúsi til norðurs. Mænishæð þjónustubyggingar er 5 metrar. Gert er ráð fyrir um 230 nýjum bifreiðastæðum vestan og norðan við knatthús. Aðkoma bifreiða er milli fyrirhugaðrar stúku og núverandi vallarhúss.

Uppgefnir kótar eru leiðbeinandi og verða ákveðnir á mæli- og hæðarblöðum. Sama gildir um stærð íbúðarlóðar. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.



YFIRLIT - HLUTI AÐALSKIPULAGS HAFNARFJ. 2013-2025

Deiliskipulagsuppdráttur þessi fellir úr gildi og kemur í staðinn fyrir deiliskipulagsuppdrátt dags 19.01.2010 sem öðlaðist gildi þann 27.01.2010

### SKÝRINGAR

- BYGGINGARREITIR
- NÚV.BYGGINGAR
- HRAUNGARÐUR
- ÓHREYFT HRAUN
- ÆFINGARSVÆÐI
- ÍBÚÐALÓÐ
- LÓÐAMÖRK
- BYGGINGARREITUR KJALLARA
- MÖRK FRIÐLANDS ÁSTJARNAR
- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- GÖNGULEIÐIR
- BIFREIÐASTÆÐI OG VEGIR
- FORNLEIFAR
- BYGGINGARREITUR BRÁÐABIRGÐASTÚKU

JANÚAR 2020

Eftir auglýsingu deiliskipulags voru gerða smávægilegar breytingar á uppdrætti og greinargerð:

1. Mörk friðlands Ástjarnar færð inná uppdrátt.
2. Byggingarreit fjölnota knatthúss breytt.
3. Byggingarreitir íbúðahúsa skýrðir og byggingarreit kjallara bætt inn.
4. Stærðatöflu bætt við.
5. Greinargerð lagfærð.
6. Viðbótar skýringarmynd bætt inn á skýringaruppdrátt.
7. Aðkoma bíla að knatthúsi lagfærð.
8. Lóðarmörksvæðis skilgreind.

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI, SEM FENGIÐ HEFUR MÁLSMEÐFERÐ Í SAMRÆMI VIÐ ÁKVÆÐI 1. MGR. 43. GR. SKIPULAGSLAGA123 / 2010 VAR SAMÞYKKT Í SKIPULAGS- OG BYGGINGARRÁÐI HAFNARFJARÐAR ÞANN__________20__

F. H. SKIPULAGS- OG BYGGINGARRÁÐS ÞANN________20__

F. H. BÆJARSTJÓRNAR HAFNARFJARÐAR ÞANN________20__

TILLAGAN VAR AUGLÝST FRÁ________20__ MEÐ ATHUGASEMDAFRESTI TIL __________20__

AUGLÝSING UM GILDISTÖKU BREYTINGARINNAR VAR BIRT Í B- DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN________20__

HAFNARFJÖRÐUR

ASK ARKITEKTAR EHF
GEIRSGÖTU 9 101 REYKJAVÍK
SÍMI 515 0300 FAX 515 0319
www.ask.is

ASK ARKITEKTAR

VERKEFNI
Ásvellir 1, Hafnarfirði

TEGUND TEIKNINGAR
DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR
HEITI TEIKNINGAR
Tillaga að breyttu deiliskipulagi

MKV. Í A1: 1:2000
HANNAÐ: ÞH
TEIKNAÐ: AK
YFIRF.: PG
DAGS.: 09.09.2019

VERK NR.: 9623
AUÐKENNI - NÚMER TEIKNINGAR: 05-01
ÚTGÁFA

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR ER HÁÐ SAMÞYKKI ASK ARKITEKTA. EKKI SKAL MÆLA UPP AF TEIKNINGU.